

**3204. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
2. mars 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmaðóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1701022 - Fundargerðir 2017 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**

141. fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 6. febrúar 2017.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**2. 1701021 - Fundargerðir 2017 - Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi**

128. fundargerð stjórnar SSV frá 25. janúar 2017.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**3. 1703016 - SSV - aðalfundur 2017**

Aðalfundur SSV fer fram á Hótel Hamri í Borgarnesi miðvikudaginn 29. mars 2017.

*Bæjarráð samþykkir að Þórður Guðjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir, Ingibjörg Valdimarsdóttir og Jóhannes Karl Guðjónsson auk bæjarstjóra verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á fundinum.*

**4. 1702118 - Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga - tilnefning 2017**

Auglýsing Lánasjóðs sveitarfélaga eftir framboðum í stjórn.

*Lagt fram.*

**5. 1702202 - Sorpurðun Vesturlands - aðalfundur 2017**

Aðalfundarboð Sorpurðunar Vestulands að Hótel Hamri í Borgarbyggð, 29. mars 2017.

*Bæjarráð samþykkir að Sævar Jónsson og Karítas Jónsdóttir verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á aðalfundi Sorpurðunar Vesturlands.*

*PA  
RA*

**6. 1611010 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2017**

Þann 24. mars nk. verður XXXI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið í Reykjavík. Rétt til setu á landsþinginu eiga 151 fullrúi frá 74 sveitarfélögum. Að auki eiga seturétt á landsþinginu með málfrelsi og tillögurétti bæjar- og sveitarstjórar, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og þeir stjórnarmenn í sambandinu sem ekki eru kjörnir landsþingsfulltrúar fyrir sitt sveitarfélag.

*Bæjarráð samþykkir að Ólafur Adolfsson, Sigríður Indriðadóttir, Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir og Ingibjörg Valdimarsdóttir sækji fundinn ásamt bæjarstjóra.*

**7. 1702178 - Húsmæðraorlof 2017 - Orlofsnefnd Mýra- og Borgarfjarðars.**

Erindi Orlofsnefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dags. 22. febrúar 2017 varðandi lögbundið framlag vegna orlofs húsmæðra.

*Bæjarráð samþykkir erindið með vísan til laga þar að lútandi.*

**8. 1611077 - Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja - fimleikahús á Akranesi**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að horft verði til uppbyggingar á fimleikahúsi við hlið núverandi íþróttahúss við Vesturgötu.

*Bæjarráð samþykkir að senda tillögu skipulags- og umhverfisráðs til umsagnar skóla- og frístundaráðs. Einnig verði niðurstöður varðandi skoðun á jarðvegi á svæðinu sendar ráðinu til upplýsinga þegar þær liggja fyrir.*

**9. 1702205 - Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2017**

Starfsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2017 lögð fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir starfsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2017 sem er í rafrænu formi.*

**10. 1609093 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2017**

Tillaga skipulags- og umhverfisráðs um breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2017.

*Bæjarráð samþykkir breytingar á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sem felur í sér 46 milljóna króna hækkan í fjárfestingum og 20 milljóna króna lækkun í gjaldfærðum framkvæmdum.*

*Bæjarráð vísar samþykktinni til gerðar viðauka og samþykktar í bæjarstjórn.*

**11. 1702196 - Fagrilundur 9,11,13 og 15 - umsókn um byggingarlóðir**

Umsókn Sjamma ehf. um raðhúsalóð við Fagralund 9,11,13 og 15.

*Bæjarráð vísar erindi Sjamma ehf. til umsagnar skipulags- og umhverfissráðs.*



**12. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi**

Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi hélt sinn 4. fund 22. febrúar sl. Meðfylgjandi eru fundargerðir starfshópsins. Vakin er athygli bæjarráðs á bókun starfshópsins frá síðasta fundi en hann leggur til við bæjarráð að nýr búsetukjarni fyrir fatlað fólk verði tekinn í notkun árið 2019. Starfshópurinn mun óska eftir upplýsingum frá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs um mögulega staðsetningu á búsetukjarna.

*Bæjarráð samþykkir að fela skipulags- og umhverfissviði að kanna hvaða lóð henti best til byggingar nýs búsetukjarna á vegum Akraneskaupstaðar.*

*Ennfremur samþykkir bæjarráð að endurskoða fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2017-2020 til að tryggja fjármögnun á nýjum búsetukjarna og felur skipulags- og umhverfisráði að gera tillögu þar að lútandi.*

*Jafnfram er lagt fram yfirlit yfir þróun kostnaðar vegna þjónustu við fatlaða á Akranesi frá árinu 2011 til 2016.*

**13. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra**

Minnisblað sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs um vinnu starfshóps um samráð og stefnumótun aldraðra.

*Bæjarráð þakkar fyrir minnisblað frá sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs og fagnar því að hafin sé undirbúnингur að fjölbreyttari frístundabjónustu fyrir 60 ára og eldri í samstarfi við ÍA og fleiri aðila.*

**14. 1702203 - Rannsóknir og greining - hagir og líðan ungs fólks á Akranesi**

Erindi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna skýrslu um lýðheilsu, hagi og líðan ungs fólks á Akranesi.

*Bæjarráð samþykkir að taka þátt í könnun á höfum og líðan ungs fólks á Akranesi. Fjámununum kr. 954.000 verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

**15. 1604219 - Sérkennsla í grunnskólum stuðningsfulltrúar**

Erindi frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Vegna fjölgunar barna með sértækjar þarfir er óskað eftir heimild til að ráða tímabundið út skólaárið stuðningsfulltrúa í 75% starf. Kostnaður vegna þessarar beiðni er samtals 1.400.000 með launatengdum gjöldum.

*Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð samþykkir heimild til ráðningar stuðningsfulltrúa í tímabundið starf í Brekkubæjarskóla. Fjárveitingin, kr. 1,4 mkr. verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'OK' or a similar mark, is located at the bottom right of the page. Below it, another handwritten signature, possibly 'RA', is also present.

**16. 1701115 - Kjarasamningar félags grunnskólakennara - bókun 1**

Erindi frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna bókunar 1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara frá 29. nóvember 2016

Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir greiðslu viðbótarframlags til grunnskóla á Akranesi til að framfylgja bókun 1 í kjarasamningi kennara og félags grunnskólakennara. Fjárveitingin, 1,5 mkr. verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.

**17. 1701273 - Vinabæjarmót á Akranesi 2017**

Breyting á fulltrúum í starfshópi um vinabæjarmót á Akranesi í sumar.

Bæjarráð samþykkir að formaður bæjaráðs taki sæti í undirbúningshópnum sem og nýr bæjarstjóri í stað fráfarandi bæjarstjóra.

**18. 1702207 - Húsnaði fyrir listamenn**

Sex ungar listakonur á Akranesi óska eftir stuðningi Akraneskaupstaðar við að útvega húsnaði fyrir vinnustofur sem nýttar verði til listkennslu, kynningar, námskeið og viðburði af ýmsum toga.

Bæjarráð telur hugmyndir listakvennanna mjög góðar en bendir á að sem stendur hafi Akraneskaupstaður ekki yfir húsnaði að ráða sem hentar fyrir vinnustofur. Nokkrir listarmenn hafa haft aðstöðu í stjórnstöðinni í sementsverksmiðjunni en það var tímabundin ráðstöfun þar sem til stendur að rífa það húsnaði.

Ennfremur bendir bæjarráð á að möguleiki er á styrkjum fyrir einstök verkefni í Uppbyggingarsjóð Vesturlands og í styrkjasjóð Akraneskaupstaðar sem úthlutað er úr árlega.

**19. 1701332 - Leigusamningar að Suðurgötu 57**

Leigusamningur Akraneskaupstaðar og Muninn kvikmyndagerðar v/Coworking Akranes lagður fram til samþykktar.

Bæjarráð samþykkir samninginn og felur bæjarstjóra að ganga frá málínu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:35.

*Dóttir  
Ingvorsdóttir  
Rannvinsdóttir  
Vilborg P. Guðbjartsdóttir  
Fuglejórg Þorvaldottir  
Regina Ásvaldardóttir  
Lena Adolfsdóttir*